

AUGLÝSING

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 56/1965, um breyting á lögum nr. 58/1946, um menntaskóla, hefur menntamálaráðuneytið ákveðið stofnun nýs menntaskóla í Reykjavík (Menntaskólans við Tjörnina).

Einari Magnússyni, rektor Menntaskólans í Reykjavík, hefur verið falin stjórn skólans fyrsta skólaárið, en stöður rektors og kennara við skólann munu verða auglýstar lausar til umsóknar næsta vor.

Í menntamálaráðuneytinu, 22. ágúst 1969.

Gylfi Þ. Gíslason.

Knútur Hallsson

Nr. 171.

10. september 1969.

REGLUGERÐ

um skoðunargjald bifreiða og bifhjóla.

1. gr.

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls ber eiganda að greiða 260 króna árlegt gjald til lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra), þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skrásett. Gjald þetta greiðist fyrir fram í sama gjalddaga og miðast við sama gjaldár og bifreiðaskatturinn.

Lækka skal eða endurgreiða skoðunargjald, ef bifreið eða bifhjól er aðeins skrásett hluta úr gjaldárinu, þannig að það verði 65 krónur fyrir hvern ársfjórðung eða hluta úr ársfjórðungi. Krafa um endurgreiðslu skal borin fram fyrir 1. október næsta gjaldár, ella fellur endurgreiðsluréttur niður.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 22. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. janúar 1970.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 93 14. maí 1964, um skoðunargjald bifreiða og bifhjóla.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. september 1969.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.